Landsfundur Ferðaklúbbsins 4X4

Haldinn í aðalskála félagsins Setrinu 13. - 15. október 2000

Mættir voru eftirtaldir:

Stjórn:	Þórarinn Guðmundsson, Eðvald Geirsson, Rögnvaldur Guðbrandsson, Sigþ ór Karlsson, Arnþ ór Þórðarson.
Suðurnesjadeild:	Marteinn Jenssen, Hörður Birkisson.
Suðurlandsdeild:	Einar Karl Eyvindsson, Ögmundur Kristjánsson, Þorvaldur Guðmundsson.
Vesturlandsdeild:	Pálína Pálsdóttir, Eiríkur Eiríksson, Guðjón Pétursson, Adolf Ásgrímsson.
Vestfjarðadeild:	Enginn kom frá Vestfjörðum.
Húnvetningadeild:	Sighvatur Steindórsson, Jakob Helgason, Jakob Jóhannsson.
Skagafjarðardeild:	Stefán Jónsson, Ólafur Björnsson.
Eyjafjarðardeild:	Anton Brynjarsson, Gunnar Kristinsson, Gísli Ólafsson, Grétar Ingvarsson.
Húsavíkurdeild:	Hallgrímur Óli Guðmundsson, Sæ var Guðbrandsson
Tæ kninefnd	Enginn.
Skálanefnd:	Bergur Bergsson, Þórarinn Sverrisson
Umhverfisnefnd:	Þrándur Arnþ órsson.
Internetnefnd:	Enginn.
Hjálparsveit:	Þórarinn Sverrisson.
Ritnefnd:	Ásgeir Kristinsson, Örn Guðmundsson.
Skemmtinefnd:	Enginn.
SAMÚT fulltrúi:	Kristín Jónsdóttir

Sérlegir kunnáttumenn í viðhaldi skála: Viðar Elliðason, Árni Bergsson.

Ferðalagið:
Komið í Setrið á föstudagskvöld í kalsaveðri, snjómuggu og 0 gráðu hita. Lítill sem enginn snjór á jörðu. Lítið bar til tíðinda utan grindarbrot og suðuvinna sem tafði Vestlendinga og stuðningsmenn þ eirra í 1 klst. við Kerlingafjöll. Á laugardeginum hélst veður skaplegt og var hiti um 0 gráður. Farið var heim á sunnudegi í bíðskaparveðri og bleitu á kjalvegi.

Fundur settur kl. 10 á laugardagsmorgni fundarmenn alls um 33 talsins.

1 **Setning fundarins**. Dagskrá fundarins hafði verið dreift með fundarboði tveimur vikum fyrir fund. Þórarinn formaður setti fundinn og greindi frá

starfsemi klúbbsins frá síðasta landsfundi og fjallaði stuttlega um stöðu klúbbsins, mikla fjölgun félagsmanna, gott álit annarra á klúbbnum, stöðu jeppaferðalaga. Einnig blikur svo sem vaxandi umræ ða um utanvegaakstur og ölvunarakstur á fjöllum. Umræ ðu um framsögu formanns var frestað.

2 **Félagsskírteini.** Sigþ ór Karsson gjaldkeri fjallaði um nýbreytni varðandi félagsskírteini, og innheimtu félagsgjalda. Kynnti nýtt fyrirkomulag þ annig að félagsskírteini og greiðsluseðill verður einn og sami hluturinn þ annig að þ egar greiðsluseðill hefur verið greiddur þ á er hann orðinn fullgilt félagsskírteini. Hugmyndin var ræ dd ítarlega og fékk góðar undirtektir. Ræ tt var um ýmis praktísk mál varðandi prentun og innheimtu, skil á gjöldum, skráningu á greiddum félögum o.s. frv. Þá kom fram að 25% af gjaldi landsbyggðarfélaga verði að berast með fullum skilum til gjaldkera klúbbsins. Fram kom að sumar deildir hafa ekki hæ kkað árgjaldið eins og aðalfundur klúbbsins hefur ákveðið. Þetta ráðslag deildanna mun þ ó ekki hafa áhrif á greiðslur þ eirra til klúbbsins og verða þ æ r að vera skv. ákvörðun aðalfundar. Þá nefni Sigþ ór þ örf á að styrkbeiðnir komi til stjórnar amk. 4 vikum fyrir aðalfund. Einnig nefndi hann að styrkir yrðu ekki greiddir út fyrr en lagðir hefðu verið fram reikningar vegna kostnaðar og þ á myndu peningarnir koma hratt.

3 **Nýtt félagatal.** Rögnvaldur Guðbrandsson sagði frá áformum stjórnar um útgáfu nýs félagatals og undirbúning fluttu framsögu og kynnti hugmyndir að bókstafakerfi til viðbótar við félagsnúmerakerfið sem nú er við lýði. Nokkur umræ ða var um hvaða bókstafakerfi skuli að taka upp. Kosti þ eirra og galla. Röggi lýsti eftir nýjustu upplýsingum um deildirnar og félaga sem allra fyrst svo félagatalið verði sem notadrýgst. Skorað var á deildir að gera þ etta af samviskusemi og sem allra fyrst. Félagatalið fer í prentun í nóvember og fer í dreifingu í desember.

4 **Sýning 2001**. Eðvald Geirsson stjórnarmaður, greindi frá hugmyndum stjórnar um jeppasýningu á vegum klúbbsins haustið 2001. Líklega í september. Undirbúningshópur er að störfum. Einkennisorð sýningarinnar hafa ekki verið fast sett: á fyrri sýningum hefur verið notast við slagorðin "Fjölskyldan og Útivist". Spurning hvort við æ ttum að fara út á nýjar brautir. Allar tillögur velkomnar. Fjallað um skipulag og undirbúning fyrir sýningu. Deildir þ urfa að vita í tíma hvert framlag þ eirra er til sýningarinnar. Spurning hvort leggja eigi meiri áherslu á "venjulega jeppa" og venjuleg sumarferðalög. Kynna ferðamöguleika á mismunandi landssvæ ðum og fyrir fólk á óbreyttum bílum ekki síður. Síðasta sýning var haldin í september 1998 og þ á komu um 5000 gestir, þ ar af 25 manns frá Noregi. Mikill hugur var í fundarmönnum og áhugi á að gera sýninguna sem besta. Kynna vel og auglýsa af krafti. Mikilvæ gt að gleyma ekki meginmarkmiðinu: Sýningin afli sem mestra tekna fyrir klúbbinn.

5 Kynning á fastanefndum félagsins

Tæknefnd var ekki mæ tt og hefur raunar starfað lítið undanfarin misseri vegna verkefnaskorts.

Ritnefnd: Örn og Ásgeir fluttu mjög góða kynningu að starfsemi nefndarinnar sem einkum fellst í útgáfu á Setrinu. Efnisöflun er sígilt vandamál og upplýsingastreymi frá deildum er oft mjög tregt. Útgáfuferlið tekur lágmark 9 daga frá þ ví að ritvinnslu lýkur og þ ar til blaðið kemur inn um bréfalúgur félagsmanna. Efnisflokkar Setursins eru fréttir úr klúbbstarfinu um allt land, félagsmál, tæ knimál, ferðasögur, utanaðkomandi greinar o fl. Lýst var eftir hugmyndum um efni og efnistök.
Varpað var fram hugmyndum að stæ rra blaði og veglegra 64 bls. blað í 4-lit og kæ mi út 4 sinnum á ári í 2000 eintökum m yndi kosta 1 m kr hvert tölublað. Svona útgáfa er stórmál. Fundarmenn lýstu áhuga á að gefa út amk. eitt veglegt blað á ári.

Skálanefnd. Bergur Bergsson sagði frá. Mikið hefur verið afrekað á sl. ári. Bíslagið fullgert, útiljós sett upp, mikið loftnetsmastur sett upp. Ný olíueldavél komin og mikill hiti kominn í húsið. Fjórar vinnuferðir voru farnar en þ átttaka frekar dræ m. Umgengni er mjög ábótavant og verður að gera átak í þ ví að menn taki með sér allt ruslsl. Ítrekað var reykingabann í skálanum og strangt bann við að skilja eftir sig sígarettustubba í eða við Setrið. Eftir er að innrétta betur herbergið inn af eldhúsi. Smíða pall umhverfis skálann. Leiðbeiningar vantar. Glugga vantar í millihurð út í bíslag. Vantar öndun á gám vegna ljósavélar. Grind vantar utan um sóló vélina nýju. Skálavarsla gekk sæ milega í sumar en gistinæ tur voru aðeins um 1020. mjög fáir hestamenn voru á ferðinni og þ á gjarnan illa lyktandi og var í einu tilviki meinaður aðgangur af þ essum sökum.
Bergur nefndi hugmyndir um að taka upp innheimtu skálagjalda í Setrinu sem áður hefur verið frí. Þetta var talið gerlegt og þ á að innheimta aðeins hóflegt gjald, t.d. 500 kr á nótt og þ á frítt fyrir börn til 20 ára aldurs.

Umhverfisnefnd: Þrándur sagði frá starfi nefndarinnar. Að nefndin hefði reynt að virkja hinn almenna félaga í ferðir og að virkja félaga til að vera fyrirmynd í ferðamennsku. Taldi til þ æ r ferðir sem nefndin stóð fyrir í sumar. Landgræ ðsluferð í Þórsmörk, stikuferð, þ ar sem var stikuð leiðin í Setrið frá Kerlingafjöllum og einnig var Klakksleiðin stikuð á bakaleiðinni. Einnig var farið í Klofaey ofan Búrfells (í gamla farvegi Þjórsár). Ferlasöfnunin sem ákveðið var að fara í gengur nokkuð hóflega, félagar hafa ekki verið mjög duglegir að skila inn ferlum. Umræ ður urðu um hvaða háttur skyldi vera á þ essari framkvæ md og að reynt yrði að koma á samstarfi milli allra aðila sem að þ essu máli koma. Unnið er að þ ví að gefa út bæ kling til leiðbeiningar um akstur á hálendinu, sem yrði á nokkrum tungumálum, til leiðbeiningar fyrir útlendinga ekki síst. Styðja þ á hugmynd að Vatnajökull verði þ jóðgarður, en samt koma okkar sjónarmiðum á framfæ ri um að okkur verði ekki meinaður aðgangur að þ essu svæ ði á okkar farartæ kjum

Hjálparsveit: Fulltrúi hjálparsveitarinnar sagði frá en sagði að lítið hefði verið um að vera. Lagði til að nefndarmenn yrðu nýttir til að safna efni í Setrið eða sambæ rilegt blað.

6. KYNNING Á DEILDUM

Fyrst kom Marteinn Jensen gjaldkeri Suðurnesjadeildar og sagði frá starfi sinnar deildar. Starf deildarinnar er í sókn eftir læ gð undanfarin ár.
Eiríkur Eiríksson kynnti starf Vesturlandsdeildar, sem hefur verið nokkuð líflegt undanfarið. Næ st á lista var Vestfjarðadeild, en enginn fulltrúi frá þ eim mæ tti. Anton Brynjarsson sagði frá starfi Eyjafjarðardeildar, sem er í nokkuð föstum farvegi. Sagði frá vinnu við skála þ eirra við Réttartorfu, þ ar er ljósavél, sem æ ttuð er út Setrinu og skilar sínu vel, snyrtihús þ eirra er staðsett nokkuð frá aðalhúsinu. Skiptar skoðanir eru um staðsetninguna. Þeir greiða kr. 500 í skálagjöld sem skila sér ekki næ gjanlega vel.
Sighvatur formaður Húnvetninga sagði frá starfi sinnar deildar, sem er í mikilli læ gð um þ essar mundir. Félagar eru fáir og lítið virk ir. Skáli þ eirra, Álkuskáli á Grímstunguheiði er ekki mikið nýttur, þ ar er rafstöð svo gott er að vera í skálaum vetur. Þá vantar aðstoð við að lífga deildina við.
Ögmundur Kristjánsson formaður sagði frá starfi Suðurlandsdeildar, sem er með miklum blóma. Mikið um nýja félaga og fundarstarf líflegt.
Stefán formaður Skagfirðinga tiltók að svæ ði þ eirra væ ri milli Húnvetninga og Eyfirðinga og lét mönnum eftir að ákvarða hvar þ að væ ri. Að öðru leyti er þ eirra starf áþ ekkt annarra deilda, regluleg funda höld og ferðir, og viðhald Skiptabakkaskála.
Hallgrímur Óli kom frá Húsvíkingum sem funda tvisvar í mánuði. Þeirra starfsemi er svipuð og annarra, ferðir og fundir. Þeir hafa skála til umráða á Þeistareykjum og fer töluverður tími í umhirðu hans. Þeir unnu að þ ví að fjölga félögum og gekk á ýmsu með þ á. Ansi algeng virðist vera sú aðferð að laða að nýtt fólk með bjórkvöldum, og er þ að sú aðferð sem virðist hafa virkað best.
Sú hugmynd kom fram, hvort deildir æ ttu að taka sig saman og vinna í Setrinu og merkja sér sína vinnu.

7. HEIMASÍÐA KLÚBBSINS

Oddur gat ekki komið á fundinn, svo Rögnvaldur fjallaði um þ essi mál í fjarveru hans. Tiltók hann sérstaklega að áríðandi er að hver deild sjái um að uppfæ ra tilkynningasíðuna. Einnig upplýsingar um hverja og eina deild, þ .e. hverjir eru í stjórn á hverjum tíma, sögu deildarinnar og starf. Þeir sem ekki eru tölvuvæ ddir geta sent þ essar upplýsingar á tölvutæ ku formi og þ á er þ að verk þ ess sem sér um síðuna að koma efninu inn. Það þ arf sérstakt lykilorð til að komast inn á þ essar síður. Mjög nauðsynlegt er að deildir taki meiri þ átt í að uppfæ ra heimssíðuna, þ ví þ að er mjög mikil vinna fyrir einn aðila að halda þ essu við. Mjög mikið er farið inn á þ essa síðu, og þ á ekki bara Íslendingar. Mikið af heimsóknum kemur frá Evrópu. Þetta gerir þ að að verkum að enn meira áríðandi er að passa síðuna.

8. Fjarskiptanefnd/VHF kerfið-endurvarpar.

Eddi fjallaði um þ róun kerfisins. Komnir eru fimm endurvarpar, Bláfelli, Bláfjöllum, Fjórðungsöldu, Vaðöldu og Þrándarhlíðarfjalli. Endurvarparnir varpa út á rás 44 og 46 og svo eru níu rásir milli bíla, 45-53. Ekki er gert ráð

fyrir að fjölga endurvörpum frekar á þessu starfsári. Markmiðið er að fá sem flesta til að nota VHF kerfið, og með því að festa okkur í sessi innan þessa kerfis. Komið hefur upp sú hugmynd hvort til komi samvinna við hjálparsveitirnar um notkun á endurvörpum og rásum. Hugsanlega væri hægt að tengjast Tetra-kerfinu, en þá er verið að tala um meiri kostnað. Í Setrinu er komið upp mastur og í því eru tveir VHF endurvarpar, annar stefnuvirkur í Bláfellið. Þetta mastur var fengið endurgjaldslaust frá starfsmönnum Símamála.Radíóþjónusta Sigga Harðar hefur gefið klúbbnum endurvarpann sem komið var upp á Vaðöldu, og hefur afhent klúbbnum gjafabréf þess efnis. Of mikið er um truflanir á rásunum, og hefur verið kvartað til Fjarskiptastofnunar en ekki verið sinnt.

9. Starfsmaður/Starfssvið

Arnþór Þórðarson fjallaði um hugmyndir Stjórnar klúbbsins um ráðningu starfsmanns. Farið var yfir drög að starfslýsingu fyrir starfsmann (sjá meðfylgjandi blað). Klúbburinn er sífellt að stækka og rekstur hans þarfnast meiri orðinn umfangsmeiri. Fjárveiting fyrir starfsmanni var samþykkt á síðasta aðalfundi og starfslýsing þessi fyrsta stigið í ráðningu hans.
Vantað hefur lýsingu á starfssviði nefnda og var farið yfir drög að erindisbréfum fyrir nefndir (sjá meðfylgjandi blöð).
M.a. var ítrekað að gjaldkeri hefur yfirstjórn fjármála og hver nefnd skal skipa sér formann, ritara, fréttafulltrúa (tengilið við stjórn) og meðstjórnarmenn. Erindisbréf deilda eru ný af nálinni og drög að henni voru kynnt (sjá meðfylgjandi blað). Gjaldkeri kom með athugasemdir um orðalag við reglur um fjárhag deilda, þ.e. að deild skuli skila 25% af árgjaldi aðalfélagsþó það sé hærra en árgjald deildarinnar. Rætt var um að árgjald skuli vera það sama í öllum deildum þ.e. árgjald ákveðið á aðalfundi, en fram að þessu hefur svo ekki verið fram að þessu. Að kynningu þessari lokinni var fundarmönnum skipt upp í 4 vinnuhópa til að fara yfir áðurnefnd drög erindisbréfum.

Tillögur frá hóp 1 sem fór með skipurit fjarskipta- og skálanefndar (allir hópar fóru yfir skipurit fyrir starfsmann og deildir). Engar athugasemdir við deildir nema orðalagsbreytingar (taka þátt í starfi klúbbsins og senda fulltrúa á landsfund). Engar athugasemdir við starfsmann. Skálanefnd: d) allt viðhald skal unnið í samráði við fagmenn og stjórn klúbbsins. Fjarskiptanefnd: e) í samráði við fagmenn og skálanefnd sjái um fjarskiptabúnað í skálum.

Tillögur frá hóp 2 sem fór með skipurit umhverfis- og tæknefndar. Umhverfisnefnd: b) og d) liður sé einnig settur inn hjá öðrum nefndum. Starfsmaður: hugsanleg verkefni fyrir landsbyggðardeildir, finna farveg fyrir samskipti milli starfsmanns og deildar. Stjórnir deilda: e) viðbót, dagskrá næstafélagsfundar skal skila tímanlega!! Tímamörk á síðasta lið hugsanlega í síðasta lagi 2 vikum eftir aðalfund deildarinnar. Tæknefnd: nefndin komi þekkingu sinni til skila t.d. til deilda, hugsanleg hringferð milli deilda, greinar í Setrið og fleira.

Tillögur frá hóp 3 sem fór með skipurit skemmti- og ritnefndar. Allar nefndir komi saman innan 2ja vikna frá aðalfundi. Ritnefnd: viðbótarliður, sjá um efnisöflun og útgáfu. Viðbótarliður, stefna skal að því að gefa út eitt veglegt blað í tilefni stórafmælis og/eða annarra tilefna. Skemmtinefnd: ekkert

athugavert. Starfsmaður: koma í ljós með reynslu af starfi hans. Stjórnir deilda: orðalagsbreyting á 25% hlut til aðalfélags. Upplýsingum skal komið til skila til aðaldeildar 10 dögum eftir aðalfund deildar. Formaður sé að jafnaði tengiliður við aðalstjórn.

Tillögur frá hóp 4 sem fór með internet- og hjálparsveit. Starfsmaður: bæ ta við deildum í a og d lið. Internetnefnd: b) ofaukið öllu nema fyrstu setningu. Viðbótar liður c) deildir og nefndir hafi einfaldar leiðir til að koma upplýsingum og fréttum á vefsíðuna. d) skipa einn fastan tengilið við stjórn. Hjálparsveit: a) óski aðstoðar í stað þ urfi aðstoðar. c) sjái um eina skipulagað ferð fyrir félagsmenn á ári. Nýr liður e) komi upp búnaði til hjálparstarfa og sjái til þ ess að hann sé í lagi. Stjórnir deilda: umræ ður um b lið, sjálfgefið að deildir vinni eftir lögum klúbbsins. Þessar reglur giltu líka fyrir stjórn aðalfélags. Viðbæ tur um vinnureglur um kostnað sveitarinnar við ferðir sem til eru nú þ egar.

Lögin segja til um þ að hvernig stjórnin sjálf skal starfa og hún sjálf setur sér vinnureglur. Spurning hvort stjórn þ urfi einnig skipurit.

10. Önnur mál

Sumarhátíðin 2001. 5 ár frá síðustu hátíð fyrir norðan í umsjá Eyfirðinga og Húsvíkinga og tími kominn á aðra hátíð þ ar. Mæ lst til að deildirnar hói sig saman og ræ ði málin. Tekið vel í þ að og talið að þ að muni auka þ átttöku norðanmanna sem verið hefur dræ m síðustu ár.

Landsfundurinn 2001, sýning er á næ sta ári seint í september og fundurinn frestast þ á jafnvel. Hafa í huga í tíma að breyta staðsetningu fundar vegna válindra veðra þ egar líður á haust.

Ræ tt um hugsanleg afskipti klúbbsins af skálanum í Nýjadal, aðalfélag er ekki tilbúið til að taka að sér nýjan skála og þ að yrði þ á í valdi deildanna ef þ æ r vildu taka að sér slíkt verkefni.

Félagsnúmerakerfi atkvæ ðagreiðsla F kerfi, enginn. Bátakerfið 7. Bílnúmerakerfið 16. Ákveðið að nota gamla bílnúmerakerfið.

Sigþ ór nefndi að vegna prentunar á félagsskírteini þ urfa breytingar á fyrirtæ kjum sem veita afslátt úti á landi að koma fram á næ stunni. Helst næ sta miðvikudag.

Eddi ræ ddi um Árbúðir sem stendur félagsmönnum til boða. Góð staðsetning, góður aðbúnaður og gashitun. Olíuofn hefur verið tekinn niður, kojur eru fyrir 30 manns, breytingar hafa verið gerðar á eldhúsi. WC er lokað á vetrum en kamar er úti. Settar voru upp olíugasluktir sem fengust gefins en þ æ r eyðilögðust. 12volta kerfi var í skálanum en þ að skemmdist. Hugað að uppsetningu sólarsellu. Masterlykill gengur ekki að Árbúðum í dag vegna skemmda, en þ ví verður breytt á næ stunni. Gistigjöld eru kr 500 fyrir félagsmenn.

Hvers vegna er ekki Austurlandsdeild í klúbbnum? Arnþ ór varpaði fram þ eirri spurningu. Eddi varð fyrir svörum og ræ ddi að jeppamenn væ ru á austfjörðum og hafa mikinn áhuga á að stofna deild. Ræ tt um að fara austur og halda fund. Svæ ðið er dreift og spurning hvort menn koma sér saman t.d. á Egilsstöðum. Ræ tt um að koma á samböndum og setja vinnu í gang.

Afsláttarmál hjá olíufélögunum (spurning úr sal). Þórarinn svaraði og lýsti slökum aflsáttarkjörum, læ kkun í 1kr afslátt á lítra hjá Olís og Shell en áframhaldandi afslátt á vörum og einhverri þ jónustu. Það að félagsmenn nýttu ekki kortin olli þ ví að afslátturinn féll niður. Unnið að samstarfi við Esso og fá þ á innsem styrktaraðila eins og hin félögin.

Dekkjamál (Þórarinn). Hlerast hefur að Dick Cepek hefur verið keypt af Mickey Thompson og framleiðsla á 44" mun fara í gang í nóvember. 38" eru á framleiðsluáæ tlun og munu verða til en spurning hvenæ r. Það nýjastær að Arctic Trucks er í viðræ ðum við dekkjaframleiðanda til að framleiða nýja dekkjategund sem mun verða bylting í dekkjum. Dekkjaframleiðendur treysta sér ekki til að framleiða stæ rri radialdekk nema með þ ví að stæ kka felguna.

Nýtt númerakerfi, deildir bæ ti nú við bókstaf fyrir framan hvaða númer sem er. Upplagt tæ kifæ ri til að stokka upp númerakerfi en hver deild verður að ákveða hvaða númer verða notuð. Félagatal mun þ ó aðeins bæ ta við bókstaf deildar fyrir framan þ au númer sem nú eru í notkun. Þetta verði gert svo að félagatalið komist út nú á þ essu ári. Næ stu þ rjú ár verði síðan notuð til að betrumbæ ta kerfið.

Fundi slitið með tilkynningu um bjór í boði Bræ ðranna Ormsson sem muna skal eftir í framtíðinni.